



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR – 21. október 2003

Bæjarstjórn Blönduóss kom saman til 31. fundar þriðjudaginn 21. október 2003 kl. 17,00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 60. fundar bæjarráðs frá 9. október 2003.
2. Fundargerð 61. fundar bæjarráðs frá 16. október 2003.
3. Álit félagsmálaráðuneytisins, dags. 13. október 2003

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 60. fundar bæjarráðs frá 9. október s.l. kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð 61. fundar bæjarráðs frá 16. október s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar a) lögð fram:
 1. Úthluta skal aflaheimildum til báta sem skráðir eru hjá sveitarfélaginu.
 2. Bátar sem ekki eru skráðir í sveitarfélaginu en eiga samstarf um veiðar við vinnslustöð á Blönduósi fá úthlutað aflaheimildum liggja fyrir skriflegt samkomulag beggja aðila, þ.e. vinnslustöðvar og bátæiganda, þar um.
 3. Vinnsla aflans fari fram innan sveitarfélagsins.
 4. Aflaheimild er ekki framseljanleg og getur bæjarstjórn afturkallað úthlutuðu magni ef sýnt þykir að vinnsla fari ekki fram í sveitarfélaginu.

Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Þá voru lagðar fram breytingar á fjárhagsáætlun 2003 fyrir fundinn. Að umræðum um breytingar loknum bar forseti breytingarnar upp og þær voru samþykktar með 5 atkvæðum, 2 sátu hjá, þeir Ágúst Þór Bragason og Auðunn Steinn Sigurðsson. Þá var fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. Álit félagsmálaráðuneytisins, dags. 13. október 2003 vegna afgreiðslu á meðferð hlutabréfa Blönduóssbæjar á aðalfundi Félagsheimilisins 28. ágúst s.l. Fulltrúar D-lista lögðu fram svohljóðandi fyrirspurn. *“Undirritaðir bæjarfulltrúar D-listans óska eftir því að forseti bæjarstjórnar geri grein fyrir því með hvaða hætti bæjarstjórn hyggist bregðast við úrskurði félagsmálaráðuneytisins vegna óheimillar afgreiðslu bæjarráðs á meðferð hlutabréfa Blönduóssbæjar á aðalfundi Félagsheimilisins á Blönduósi ehf. þann 28. ágúst s.l. Skriflegt svar óskast”* Fyrirspurnin undirrituð af Ágústi Þór Bragasyri og Auðunni Steini Sigurðssyni

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Þórdís Hjálmarsdóttir
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir

Fundi slitið kl. 18:18.

Ragnar Ingi Tómasson
Auðunn Sigurðsson
Valgarður Hilmarsson
Hjördís Blöndal